

# Reglugerð fyrir mótanefnd STÍ

## 1. gr.

Mótanefnd STÍ skal kosin á skotíþróttabæingum. Hún er skipuð þremur mönnum og skipar nefndin sér formann.

## 2. gr.

Mótanefnd skal í samræmi við gildandi reglur hafa yfirstjórn með framkvæmd Íslands- og Bikarmóta sem og annarra móta sem ákveðin eru af STÍ.

## 3. gr.

Formaður mótanefndar boðar til funda eða stjórn STÍ biður um fundi vegna sérstakra mála. Nefndin skal færa sérstaka gerðarbók.

## 4. gr.

Verkefni mótanefndar eru:

- a) að athuga keppnisfyrirkomulag og tilhögun móta
- b) að athuga og samþykkja leikvelli og gera tillögur að nauðsynlegum endurbótum.
- c) að banna notkun leikvalla ef nauðsyn krefur.
- d) að samræma keppnisdaga svo íþróttaviðburðir falli ekki á sama dag að nauðsynjalausu.
- e) að sjá um útgáfu á mótaskrá og kynna hana.
- f) að setja upp mótaskrá og leggja fyrir stjórn STÍ til samþykktar. Mótaskrá skal liggja fyrir a.m.k. 30 dögum áður en keppnistímabil hefst.